



Jarðhitafélag Íslands

Fundargerð 108. stjórnarfundar Jarðhitafélags Íslands mánudaginn 11. mars 2013 kl. 15:00 í húsakynnum Mannvits.

Mætt: Bjarni Pálsson, formaður, Claus Ballzus, Gústaf Adolf Skúlason, Jakob S. Friðriksson, Kristín Vala Matthíasdóttir, Magnús Ólafsson og Magnús Þór Jónsson.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fyrirliggjandi drög samþykkt með einni breytingu.

2. Fjármál félagsins

Claus kynnti drög að rekstrar- og efnahagsreikningi fyrir árið 2012. Rekstur félagsins skilaði kr. 537 þúsund í afgang á árinu. Eigið fé félagsins var í árslok 2012 kr. 3.097.000-. Reikningarnir voru samþykktir af stjórn. Loks voru samþykkt drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2013 þar sem gert er ráð fyrir kr. 341 þúsund í rekstrarafgang.

3. Aðal- og vorfundur 2013

Áfram rætt um aðal- og vorfund félagsins eftir hádegi þriðjudaginn 9. apríl. Fundarstaður ekki frágenginn en dagskrá langt komin. Þema vorfundarins verður *Umhverfisáhrif jarðhitavirkjana*. Þrír stjórnarmenn voru kjörnir til tveggja ára á aðalfundi 2011, þeir Claus, Gústaf og Magnús Ólafsson. Allir eru þeir reiðubúnir til áframhaldandi stjórnarsetu. Loks var ákveðið að leggja til á aðalfundi að þeir Benedikt Steingrímsson og Gunnar Ingi Gunnarsson verði áfram kjörnir skoðunarmenn reikninga, og Oddur Björnsson áfram til vara.

4. Önnur mál

Rætt um alþjóðlegu jarðhitaráðstefnuna Iceland Geothermal Conference sem haldin var í Hörpu vikuna á undan, og þótti heppnast þrýðilega vel.

Kristín hefur sett upp facebook-síðu fyrir Jarðhitafélagið og ákveðið var að setja hana í birtingu.

Næsti fundur verður haldinn í apríl, í húsakynnum Samorku.

Fundi slitið kl. 16:50. Gústaf Adolf Skúlason, fundarritari
